



# Félagsmiðstöð án aðgreiningar

Félagslegur stuðningur fyrir unglunga með fatlanir

Brynhildur Bergmann Kjartansdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs

Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
MENNTAVÍSINDASVIÐ



# **Félagsmiðstöð án aðgreiningar**

*Félagslegur stuðningur fyrir unglínga með fatlanir*

Brynhildur Bergmann Kjartansdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í tómsunda og félagsmálafræði

Leiðbeinandi: Anna Björk Sverrisdóttir

Deild heilsueflingar, íþróttar og tómsunda

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Maí 2021

Félagsmiðstöð án aðgreiningar

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs  
í tómstunda-og félagsmálafræði við deild heilsueflingar, íþróttar og  
tómstunda

Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Brynhildur Bergmann Kjartansdóttir 2021

Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

## Ágrip

Verkefnið skiptist í tvo hluta: annars vegar greinargerð sem er fræðilegur bakgrunnur sem sýnir fram á hvers vegna félagsmiðstöðvar ættu að vera án aðgreiningar. Hins vegar tillögu af því hvernig hægt er að setja af stað starf án aðgreiningar í félagsmiðstöðvum. Í greinargerðinni er fjallað um mikilvægi þess að félagsmiðstöðvar bjóði upp á starf án aðgreiningar, líkt og skólar landsins eru að gera. Hingað til hefur það ekki verið raunin og til þess að það geti orðið að veruleika þarf að eiga sér stað mikil vinna og er fjallað um þá vinnu í tillögunni. Greinargerðin skiptist í nokkra kafla sem varpa ljósi á stöðu fatlaðra barna og unglunga í samfélaginu í dag í tengslum við félagslegri þátttöku þeirra til tómstundaiðkunnar. Fjallað er um fötlun í fræðilegu samhengi, rétt fatlaðra einstaklinga til náms og þátttöku jafnt við aðra, tómstundir og ávinning þeirra, félagslega þátttöku einstaklinga með fatlanir ásamt æskulýðsstarfi og meginhlutverki þess. Einnig var farið af stað með vettvangsrannsókn sem átti sér stað frá ágúst 2020 til desember sama árs.

Tillagan að félagsmiðstöð án aðgreiningar er sett upp af þeirri vinnu og þeim afrakstri sem átti sér stað á vettvangi. Má þar nefna þá þætti sem jákvæðar afleiðingar höfðu í för með sér og eru því mikilvægir í uppbyggingu sambærilegs starfs. Félagsmiðstöð án aðgreiningar leggur upp með þátttöku allra einstaklinga burt séð frá líkamlegu-og/eða andlegu atgervi þeirra og býður upp á viðeigandi stuðning fyrir þá sem þurfa á honum að halda. Ásamt því er lagt upp með að útrýma fordómum í samfélaginu í garð fatlaðs fólks.

## Efnisyfirlit

<b>Ágrip</b> .....	<b>3</b>
<b>Myndir og töflur</b> .....	<b>6</b>
1.1 Myndaskrá.....	6
1.2 Töfluskrá.....	6
<b>Formáli</b> .....	<b>7</b>
<b>1 Inngangur</b> .....	<b>9</b>
<b>2 Skóli án aðgreiningar</b> .....	<b>11</b>
2.1 Ólíkar skilgreiningar á hugtakinu fötlun .....	11
2.2 Réttur til náms og þátttöku án aðgreiningar .....	12
<b>3 Tómstundir</b> .....	<b>14</b>
3.1 Skilgreining á hugtakinu tómstundir .....	14
3.2 Ávinningur skipulagðrar tómstundaiðkunnar.....	14
3.3 Félagsleg þátttaka einstaklinga með fötlun .....	15
3.4 Æskulýðsstarf .....	16
<b>4 Þátttökuathugun</b> .....	<b>18</b>
4.1 Lýsing á verkefni.....	18
4.2 Skipulag verkefnis .....	18
4.3 Þátttökuathugun.....	19
4.3.1 Þátttakendur og upplýst samþykki .....	19
4.3.2 Siðferðileg álitamál .....	20
4.3.3 Gagnaöflun og úrvinnsla .....	20
4.4 Áhrif Covid – 19.....	21
<b>5 Niðurstöður</b> .....	<b>23</b>
5.1 Undirbúningur áður en þátttaka byrjar .....	23
5.2 Samskipti við forsjáraðila.....	23
5.3 Samvinna stuðningsaðila, skóla og félagsmiðstöðvar .....	24
5.4 Verkefni meðan á starfi stendur .....	24
5.5 Eftirfylgni og ígrundun.....	25
5.6 Ávinningur fyrir þátttakendur.....	25
<b>6 Umræður</b> .....	<b>27</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>29</b>
<b>Viðauki A: tölvupóstur sendur á foreldra</b> .....	<b>31</b>
<b>Viðauki B: tölvupóstur sendur til Drekans</b> .....	<b>32</b>
<b>Viðauki C: leyfisbréf fyrir foreldra</b> .....	<b>33</b>

**Viðauki D: Covid-ráðstafanir ..... 34**

## Myndir og töflur

### 1.1 Myndaskrá

Mynd 1: mánaðarplan..... 18

### 1.2 Töfluskrá

Tafla 1: mánu - og miðvikudagsopnanir ..... 19

Tafla 2: föstudagsopnanir..... 19



## Formáli

Gríðarlega mikill áhugi fyrir málefnum fatlaðra kveiknaði hjá mér þegar ég byrjaði að vinna í frístundamiðstöð fyrir börn og unglinga með fatlanir. Þar kynntist ég þeim réttindum sem þau hafa og hversu mörgum af þessum réttindum við, sem samfélag erum ekki að sinna nægilega vel. Ég vildi auka þekkingu mína í þessum málefnum og nýtti þess vegna vettvangsnám eitt og tvö í að vinna með fötluðum á mismunandi vettvangi. Þar sá ég greinilega að skortur er á því að efla þau félagslega með það að markmiði að tengja þau betur inn í samfélagið.

Tómstundir eru í boði fyrir fatlaða en fáar af þessum tómstundum eru án aðgreiningar, þær einangra því fatlaða einstaklinga frá ófötluðum jafnöldrum sínum. Þar kviknaði áhugi á því að efla þennan jaðarsettahóp betur félagslega og tengja þau betur inn í samfélagið með því að setja af stað eigindlega rannsókn. Niðurstöður rannsóknarinnar er síðan ritaðar niður og vonandi sína fram á mikilvægi þess að í boði séu tómstundir án aðgreiningar. Ég einblíndi á félagsmiðstöðvarstarfið í þetta skipti en ég ætla svo sannarlega ekki að stoppa þar.

Ég vil byrja á að þakka leiðbeinandanum mínum henni Önnu Björk Sverrisdóttur en hún stóð við bakið á mér eins og klettur í gegnum þessi skrif. Hún hafði gríðarlega trú á mér og verkefninu frá upphafi og gerði það að verkum að ég lagði mig enn harðar fram. Því næst vil ég þakka Amöndu Karimu Ólafsdóttur fyrir að hvetja mig áfram í því að láta verkefnið verða að veruleika og hafa svo mikla trú á mér að ætla nota tillöguna í því bæjarfélagi sem hún vinnur í. Ásamt henni vil ég þakka Halldóri Hlöðverssýni og starfsmönnum hans þeim Sunnu Dís Johnsdóttur, Örnunni Björg Steinarsdóttur og Marteini Guðmundssýni fyrir að leyfa mér að mæta inn í þeirra félagsmiðstöð og vera ávallt reiðubúin að aðstoða mig til að gera niðurstöður rannsóknarinnar betri fyrir skjólstaðinganna. Síðan vil ég þakka kærastanum mínum, Unnari Ara Hanssýni, sem hvatti mig ávallt áfram í öllu sem við kom verkefninu. Sara Linneth Lovísudóttir Castaneda fær einnig miklar þakkir fyrir að verja tíma með mér á þessari lokaönn og hvetja mig áfram, hún gaf sér ávallt tíma til þess að aðstoða mig ef ég bað um aðstoð. Einnig vil ég fá að þakka þeim sem lásu yfir verkefnið mitt, vinkonu minni henni Elvu Dögg Sigurðardóttur og móður minni Önnu Magneu Bergmann Kristjánsdóttir. Að lokum langar mig að þakka fyrir mig og skila ástarkveðjum á kennarana í tómstunda- og félagsmála fræði ásamt samnemendum mínum. Ég hefði mjög ólíklega upplifað námið á eins gagnlegan og jákvæðan hátt ef ekki hefði verið fyrir ykkur. Ég tek ótrúlega margt úr náminu og sambandi við samnemendur mína með mér inn í lífið, bæði persónulega og fagmannlega.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt

bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, \_\_\_\_ . \_\_\_\_\_ 20\_\_

---

# 1 Inngangur

Aukin vitundarvakning hefur verið í samfélaginu á síðustu áratugum í tengslum við málefni fatlaðs fólks. Í öllum grunnskólum landsins er til dæmis skylda að koma til móts við þarfir barna og unglinga með fatlanir síðan árið 2008 (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Góð aðstoð er í boði fyrir einstaklinga með fötlun í mörgum skólum landsins en þegar kemur að tómstundaiðkun þeirra þá eru mál öðruvísi, ekki er viðeigandi aðstoð nægilega fullnægjandi eins og mál standa í dag.

Tómstundir eiga sér stað í frítíma einstaklinga og eiga að hafa jákvæð áhrif á þá. Er þetta því athöfn sem þeir velja að verja tíma sínum í (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2010). Sumir eiga hins vegar erfðara með að taka virkan þátt í tómstundum vegna t.d. fötlunar. Því er nauðsynlegt að boðið sé upp á viðeigandi aðstoð fyrir þá sem þurfa, þannig er tryggt fram á að allir geti tekið virkan þátt óháð líkamlegu- eða andlegu atgervi einstaklingsins. Ég hef unnið með börnum og unglungum með fatlanir um nokkurt skeið á frítímatengdum vettvangi og hef þar kynnst því hve lítið er í boði af tómstundum sem hafa það að markmiði að tengja þau betur félagslega við ófatlaða jafnaldra sína. Skóli án aðgreiningar gerir þetta að vissu leyti en þá eru fötluð og ófötluð börn og ungmenni saman í skólum (Steingerður Ólafsdóttir o.fl., 2014) en hugsanlega er tómstundavettvangur sterkari til þess að efla einstaklinga félagslega. Einnig hafa rannsóknir sýnt fram á að mikil aðgreining sé á milli fatlaðra og ófatlaðra einstaklinga í tómstundaiðkun hérlendis (Helga Jóhanna Stefánsdóttir, 2010). Því er aðkallandi að breyting verði í samfélaginu sem minnkar aðgreiningu á milli fyrrnefndra hópa. Verkefni þetta er tillaga að því hvernig hægt sé að breyta þessu í samfélaginu og var þess vegna gerð eigindleg vettvangsrannsókn þar sem þátttakendur voru tveir drengir. Báðir sækja þeir sérdeild í sama grunnskóla þar sem þeir eru nýkomnir upp á unglingastig og því komnir með aldur til þess að nýta sér félagsmiðstöðvarstarfið. Farið var með þessa drengi inn í félagsmiðstöðina sem starfar í þeirra grunnskóla og skoðað var hvaða áhrif rannsóknin hefur á bæði drengina og starf félagsmiðstöðvarinnar.

Leitast verður eftir því að svara spurningunni hvers vegna er mikilvægt að stuðla að þátttöku fatlaðra ungmenna í tómstundastarfi án aðgreiningar og hvað þurfa forsvarsmenn félagsmiðstöðva að taka tillit til svo að félagsmiðstöð án aðgreiningar geti orðið að veruleika? Því er mitt megin markmið er að gefa frá mér greinargerð sem sýnir fram á mikilvægi þess að viðeigandi stuðningur sé í boði frá bæjarfélögum til þess að einstaklingar með fötlun geti sótt tómstundir með ófötluðum jafnöldrum sínum innan síns bæjarfélags. En samkvæmt 30. grein í samningi um réttindi fatlaðs fólks (2007) er skylda að viðeigandi aðstoð sé í boði svo að

fatlaðir geti tekið þátt í frístunda-, íþróttar- og tómstundastarfi jafnt og aðrir. Til stuðnings verður notast við útskýringar á hugtakinu fötlun og skóli án aðgreiningar, fræðigreinar sem sýna fram á mikilvægi þátttöku í frítíma tengdu starfi, , skilgreiningu á hugtakinu tómstundir og ávinning þeirra og farið gróflega yfir æskulýðsstörf með ungmennum.

## 2 Skóli án aðgreiningar

Í þessum kafla verður fjallað um fötlun og ólíkar skilgreiningar á hugtakinu ásamt því að fjalla um rétt allra einstaklinga til náms, óháð atgervi. Á síðast liðnum árum hefur verið vitundarvakning í samfélaginu gagnvart réttindum fatlaðs fólks og þá einna helst til náms. Margir fræðimenn hafa reynt að útskýra hugtakið fötlun en getur það reynst erfitt þegar margir eru ósammála um megin inntak hugtaksins, því verður farið yfir þær helstu merkingar sem eiga við í okkar nútímasamfélagi og gefa góða sýn á innihaldi hugtaksins. Síðan verður fjallað um þróun skóla án aðgreiningar héraðs en samkvæmt lögum sem sett voru árið 2008 eiga allir grunnskólar landsins að taka á móti einstaklingum óháð atgervi þeirra (lög um grunnskóla nr. 91/2008).

### 2.1 Ólíkar skilgreiningar á hugtakinu fötlun

Samkvæmt íslenskri orðabók (e.d.) þýðir orðið fötlun að einstaklingur þurfi fjölþætta þjónustu og aðstoð til langframa vegna röskunar á færni. Í Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (nr. 30/2007) kemur fram að ríkin sem aðild hafa að samningnum verða að viðurkenna „að hugtakið fötlun er breytingum undirorpið og rekja má fötlun til víxlverkunar milli skertra einstaklinga og viðhorfstengdra tálma og umhverfishindrana sem koma í veg fyrir fulla og virka þátttöku þeirra í samfélaginu á jafnréttisgrundvelli“. Skilgreining í nýlegum lögum tekur einnig mið af þessu og leggur áherslu á að fötlun sé ekki einungis tilkomin vegna einstaklingsins heldur sé afleiðing skerðingar og hindrana (lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018). Jóna G. Ingólfssdóttir og Rannveig Traustadóttir (2010) benda á að við útskýringu á hugtakinu fötlun hafi fötlunarfræðingar skipt hugtakinu í tvö megin sjónarhorn, læknisfræðilegt og félagslegt. Læknisfræðilega sjónarhornið horfir á fötlun sem galla eða skerðingu einstaklingsins og sett er samasemmerki á milli fötlunar og andlegrar-eða líkamlegrar skerðingar. Félagslega sjónarhornið horfir hins vegar á að ýmsar félagslegar hindranir hafi áhrif. Svo sem fordómar, erfitt aðgengi og skortur á hjálparbúnaði og takmarki því athafnir fólks með skerðingar (andlegar og líkamlegar) og eigi þannig stóran þátt í að skapa fötlun þeirra. Þessi sýn greinir á milli skerðingar og fötlunar einstaklingsins og sýnir fram á að fötlun fólks með sömu skerðingu getur verið mismikil af ýmsum ástæðum, til dæmis getur umhverfið sem það lifir í haft mikil áhrif. Þar sem þróun hefur verið á hugtakinu og skilningur aukist í samfélaginu á mikilvægi þess að mæta einstaklingum þar sem þeir eru og að ekki sé hægt að setja sömu

kröfur á alla einstaklinga (Jóna G. Ingólfssdóttir og Rannveig Traustadóttir, 2010) þá getur verkefni eins og *félagsmiðstöð án aðgreiningar* verið mjög afdrifaríkt.

## 2.2 Réttur til náms og þátttöku án aðgreiningar

Árið 1994 komu saman fulltrúar frá 92 ríkjum, þar á meðal var Ísland, til þess að ræða og móta stefnu um skóla fyrir alla (Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, 1994).

Salmanca yfirlýsingin telur að almennir skólar séu virkasta aflið til að sigrast á mismunun í samfélaginu og móta þannig umhverfi sem tekur á móti öllum hvernig sem andlegt-og/eða líkamlegt atgervi einstaklingsins stendur. Til þess að byrja verkefnið í skólum hérlendis þurfti að eiga sér stað mikil breyting innan skólanna. Kennarar og aðrir starfsmenn þörfuðust þess að fá viðeigandi kennslu, stoðþjónusta að vera til staðar, breytingar þurftu að vera á skipulagi, kennsluaðferðum og námsmati, fleiri starfsmenn vantaði innan hvers skóla svo dæmi séu nefnd (Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, 1994). Hér á landi hefur verið unnið út frá því sem fram kemur yfirlýsingunni allt frá 1995 en það var fyrst árið 2008 sem að lög voru sett um að almennir grunnskólar ættu að koma til móts við þá nemendur sem aðstoð þurfa í námi vegna sérþarfa (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Í kjölfarið af Salmanca samningnum fór af stað bylting hérlendis um réttindi einstaklinga með fatlanir í samfélaginu. Á 7. og 8. áratug síðustu aldar kom fram hugmyndin um *blöndun* (e.integration) (Steingerður Ólafsdóttir o.fl., 2014). Hugtakið þýðir að blöndun er á fötluðum og ófötluðum einstaklingum á opinberum stöðum í samfélaginu og þar á meðal í skólastarfi. Á þessum tíma var talað um tvo einsleita hópa, fatlaða og ófatlaða, að þeim yrði blandað með því að vera sett á sömu staði (e. situational intergration). Þá var enn horft á einstaklinga með fötlun út frá læknisfræðilegu nálguninni og þegar blöndun átti sér stað voru ófatlaðir og fatlaðir einstaklingar saman í bekk en með mismunandi námsefni. Aðstoðarmenn fötluðu barnanna áttu að leiðrétta eða draga úr fötlun eða vanda.

Hugtakið skóli án aðgreiningar stuðlar að jöfnuði, félagslegu réttlæti, lýðræðislegri þátttöku, borgaraskyldum og réttindum einstaklinga. Eitt af meginmarkmiðum stefnunnar er að gæðanám sé í boði fyrir alla, bæði hópa fólks og einstaklinginn sjálfan. Gæðanám er þegar afurð hópans sýnir fram á framfarir hvers og eins einstaklings innan hans, þar þurfa einstaklingar ekki að vera læra það sama (Steingerður Ólafsdóttir o.fl., 2014). Einnig hafa rannsóknir sýnt fram á að einstaklingar með fötlun sem sækja almenna skóla eru líklegri til þess að eignast ófatlaða vini en þeir sem stunda nám við sérskóla (Helga Jóhanna Stefánsdóttir, 2010).

Líkt og margt annað í samfélaginu þá hefur merking hugtaksins skóli án aðgreiningar þróast með breytingum og meiri þekkingu. Endurspeglun á merkingu hugtaksins má sjá í almennri orðræðu, stefnumótun og laga- og reglugerðartextum, í daglegu starfi í skólum og menntun kennara (Steingerður Ólafsdóttir o.fl., 2014).

Hugmyndafræðin hérlendis í dag byggir á því að „*grunnskólar í heimabyggð eða nærumhverfi nemenda komi til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda í almennu skólastarfi með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi*“ (reglugerð um breytingar á reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskólum nr. 148/2015). Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2011) á Íslandi eiga öll börn rétt til þess að stunda nám við þeirra hæfi. Þau eiga rétt á því að sækja nám við sitt hæfi í hverfisskóla og foreldrar barna með alvarlegar fatlanir eiga að geta valið um hvort börn þeirra sækji hverfisskóla, sérskóla eða sérdeild (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Þar stendur að tækifæri til náms eigi að vera jöfn óháð atgervi og aðstæðum hvers og eins, sem þýðir að börn með sérþarfir eiga rétt á viðeigandi stuðning til þess að tryggja þennan rétt. Einnig á nám að taka mið af þroska, hæfileikum, getu, persónugerð og áhugasviði hvers og eins. Nemendur sem teljast eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika eru til dæmis nemendur sem eru með tilfinningalega eða félagslega erfiðleika, fötlun, leshömlun, langveikir, þroskahamlaðir, geðraskanir eða aðrar heilsutengdar sérþarfir og eiga þeir þess vegna rétt á viðeigandi stuðning. Helsta markmið skóla án aðgreiningar hérlendis er að allir geti stundað nám saman í sátt og samlyndi og útrýmt er öllum gerðum mismununar og aðgreiningar (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011).

Hér hefur verið fjallað um skóla án aðgreiningar en í næsta kafla verður fjallað um tólmstundir, mikilvægi þeirra og ávinning.

### 3 Tómstundir

Hér verður fjallað um skilgreiningar á hugtökunum tómstundir og frítími ásamt því að skoða þann ávinning sem þátttakendur geta haft af því að stunda skipulagða tómstundaiðkun. Félagsleg þátttaka barna og unglunga með fatlanir í tómstundastarfi hérlendis verður skoðuð sem og megin markmið æskulýðsstarfs.

#### 3.1 Skilgreining á hugtakinu tómstundir

Erfitt hefur verið að finna eina útskýringu á hugtakinu tómstundir (e. leisure) sem allir fræðimenn eru sammála um en hér verður notast við útskýringu Vöndu Sigurgeirsdóttur (2010). Vanda bendir á að tómstundir eigi að vera athöfn sem einstaklingurinn lítur á að sé tómstund, frjálst val og veiti honum ánægju ásamt því að hafa jákvæð áhrif á hann og samfélagið. Tómstundir eiga sér stað í frítíma fólks en frítíminn er sá tími sem eftir er þegar búið er að sinna öllum skyldum t.d. telst skóli, vinna eða það að hugsa um fjölskyldu ekki undir hugtakið frítími vegna þess að menntun og vinna eru skyldur fólks í samfélaginu (Leitner og Leitner, 2012; Vanda Sigurgeirsdóttir, 2010). Ef einstaklingur lifir til sjötugs þá er miða við að 27 ár af þeim tíma sé frítími svo nauðsynlegt er að einstaklingar fái leiðbeiningar á því hvernig best sé að nýta þennan tíma á jákvæðan og uppbyggilegan máta (Weiskopf, 1982). Vanda vill skipta hugtakinu tómstundir niður í fimm megin nálganir, þessar nálganir eiga að auka skilning á hugtakinu og aðstoða við að búa til skilgreiningu sem eiga við í íslenskum aðstæðum en þessar fimm nálganir eru tíma-, athafna-, gæða-, viðhorfa- og hlutverkanálgun (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2010). Hver og ein nálgun kemur inn á mismunandi þætti sem skipta máli í að útskýra hugtakið en hafa þær allar sína kosti og galla og er þess vegna ekki hægt að nýtast aðeins við eina nálgun.

Vanda kemur inn á að ekki eru allar tómstundir jákvæðar en sumir fræðimenn vilja skipta hugtakinu niður í jákvæðar og neikvæðar tómstundir. Til eru neikvæðar tómstundir sem hafa í för með sér jákvæð skammtíma áhrif á einstaklinginn. Getur hann litið á athöfnina sem tómstund en hins vegar er athöfnin að hafa neikvæð áhrif á hann til langs tíma og neikvæð áhrif á samfélagið (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2010).

#### 3.2 Ávinningur skipulagðrar tómstundaiðkunnar

Líkt og Vanda Sigurgeirsdóttir (2010) bendir á í skrifum sínum um útskýringu á hugtakinu tómstundir þá eiga þær að veita einstaklingnum ánægju og hafa jákvæð áhrif á hann. Mundy (1998) kemur inn á að tómstundir geti verið jákvætt þroskaferli sem stuðli að sjálfstæði hjá



einstaklingum ásamt því að auka lífsgæði. Gott er fyrir börn og unglunga að læra að við erum öll mismunandi og að vinna með ólíkum hópi einstaklinga. Með því öðlist þau betri félagsfærni og finna fyrir auknu sjálfstrausti í mismunandi aðstæðum (Law o.fl., 2006). Tómstundavettvangurinn er áhrifaríkur í það að verja tíma með vinum sínum ásamt því að sinna áhugamálum (Helga Jóhanna Stefánsdóttir, 2010). En ávinningur þess að einstaklingar stundi tómstundir sem stuðla að auknum lífsgæðum er ekki aðeins jákvæður fyrir þá heldur einnig fyrir samfélagið, þar sem jákvæðar tómstundir geta haft áhrif á að einstaklingar leiðist síður út í neikvæðar tómstundir (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2010). Neikvæðar tómstundir má telja sem óhófleg drykkja, notkun á fíkniefnum og þjófnaður svo eitthvað sé nefnt. Neikvæðar tómstundir geta haft gríðarlega neikvæð áhrif á samfélagið þar sem einstaklingar geta endað á því að fara í fangelsi, meðferð eða önnur úrræði og þetta getur verið dýrkeypt fyrir samfélagið í heild sinni (Leitner og Leitner, 2012). Því er aðkallandi að einstaklingum sé leiðbeint í tómstundastarfi líkt og skóla eða vinnu til þess að tryggja betri lífsgæði og jákvæð áhrif tómstundaiðkunnar (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2014). Einstaklingar með fötlun er hins vegar líklegri en ófatlaðir einstaklingar til þess að einangrast sem getu haft mjög neikvæðar afleiðingar í för með sér. Þeir einangrast frá samfélaginu og eru foreldrar og aðrir umönnunaraðilar oft einu einstaklingarnir sem þeir eiga í samskiptum við (Helga Jóhanna Stefánsdóttir, 2010). Möguleikinn á því að taka virkan þátt í skipulagðri tómstundaiðkun og efla sjálfstæði og félagsfærni er því sjaldnar fyrir hendi.

### **3.3 Félagsleg þátttaka einstaklinga með fötlun**

Upphaf hugtaksins *þátttaka* má tengja við hagsmunasamtök fatlaðs fólks. Þátttaka tengist félagslegri stefnumótun, mannréttindum og upplifun einstaklinga á eigin færni (Snæfríður Þ. Egilson, 2006). Samkvæmt niðurstöðum úr rannsókn Amilíu Björnsdóttur o.fl. (2009), „Tíminn eftir skóla skiptir líka máli“ hefur þátttaka í tómstundastarfi barna og unglunga eftir að skóla líkur gríðarlega mikilvæg áhrif þegar kemur að félagsmótun þeirra.

Eins og nefnt var hér fyrir ofan þá er hugtakinu fötlun skipt í tvö megin sjónarhorn, læknisfræðilegt og félagslegt (Jóna G. Ingólfssdóttir og Rannveig Traustadóttir, 2010). Í grein Snæfríðar Þ. Egilson (2006), „Þátttaka í ljósi kennisetninga um heilbrigði og fötlun“ segir hún frá líkani sem horfir á þátttöku fatlaðra út frá félagslega sjónarhorninu. Líkanið sýnir frá hindrunum fatlaðra sem takmarka tækifæri til þátttöku. Hindranir geta verið efnislegar, félagslegar og menningarlegar en ekki skerðingin sem einstaklingurinn hefur. Þar kemur fram að grundvallarhugmyndin sé um jafnræði einstaklinga í samfélaginu og eigi að stuðla að aukinni þátttöku fatlaðs fólks. Guðný Jónsdóttir og Snæfríður Þ. Egilson (2013) segja í

fræðum sínum að þegar einstaklingar taka þátt þá tileinki þér ákveðna færni og hæfileika, upplifi félagsleg samskipti og þrói frumkvæði og meiri trú á sjálfum sér. Nefna þær að undirstaða sjálfsmyndar, sjálfræðis og samfélagslegrar þátttöku séu samskipti og eru einstaklingar með fatlanir engin undantekning en þeir búa oft við félagslega einangrun, lítið tengslanet og hafa takmörkuð samskipti við ófatlaða jafnaldra sína. Þess vegna er mikilvægt að starfsfólk sé til staðar til þess að styrkja tengslanet þeirra, viðhorf og lífsgæði (Guðný Jónsdóttir og Snæfríður Þ. Egilson, 2013).

Rannsókn sem Helga Jóhanna Stefánsdóttir (2010) gerði um daglegt líf fatlaðra barna og unglunga kom í ljós að aðeins einn af tíu þátttakendum hafði æft íþróttir með ófötludum jafnöldrum sínum en margir þátttakendur hefðu nefnt það að þeim langaði að æfa t.d. fótbolta með jafnöldrum sínum en skortur var á stuðning til þess að þau gætu tekið þátt. Í úrvinnslu viðtala við bæði þátttakendur og foreldra þeirra kemur fram að tækifæri til tómsundaiðkunar séu ekki eins fullnægjandi fyrir fatlaða einstaklinga eins og hún er fyrir ófatlaða. Á frítíma tengdnum vettvangi kemur aðgreining á milli fatlaðra og ófatlaðra einstaklinga sterklega fram. Þar sem flestir fatlaðir einstaklingar stunda tómsundir sem aðeins ætlaðar eru fötludum einstaklingum, þar má til dæmis nefna frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, sumarbúðir, vinnuskóla og íþróttaiðkun. Sá tími sem fer í ferðalög tengd tómsundum eða skóla hefur mikil áhrif. Vegna þess að þátttakendur þurfa að leita út fyrir sitt bæjarfélag til að finna viðeigandi tómsundir eða sérskóla. Sum hver komust meira segja ekki á tómsundartengda viðburði vegna ferðamála sem hafði gríðarleg áhrif á tómsundaiðkun þeirra og félagsskap (Helga Jóhanna Stefánsdóttir, 2010).

### **3.4 Æskulýðsstarf**

Skipulagt æskulýðsstarf (e. youth work practice) er einn af mörgum vettvöngum sem telst undir tómsundir en æskulýðsstörf eru öll þau störf sem einblína á ungmenni (Jeffs og Smith, 2010). Að byggja upp tengsl hefur að miklu leyti verið eitt af aðalatriðum æskulýðsstarfs. Markmiðið er að vinna með ungu fólki í samfélaginu svo það nái betur að tengjast sjálfu sér, öðrum og heiminum. Að tengjast í gegnum félagsskap eða með því að vinna saman hefur verið þungamiðjan í starfi með ungu fólki og áhersla hefur verið á kraftinn sem felst í því að vera hluti af hóp. Æskulýðsstarf snýst fyrst og fremst um samfélag, um það að vinna saman svo allir geti fundið að þeir tilheyri samfélaginu (Jeffs og Smith, 2010), sem er í raun kjarni hugmyndafræðinnar um skóla án aðgreiningar.

Þegar ungmenni með fötlun byrja að sækja æskulýðsstarf verður þá að vera einhvers konar aðstoð eða talsmaður til þess að tryggja að þau séu að fá það sama út úr æskulýðsstarfinu og aðrir þátttakendur. Þeir talsmenn verða að vinna í nánnum samskiptum við foreldra en foreldrar hafa nefnt að þörf sé á sérstökum talsmanni eða tengli til þess að halda utan um málefni barnsins og fjölskyldunnar og fylgja þeim eftir, þar sem foreldrarnir vilja ekki þurfa að taka það á sínar herðar (Jóna G. Ingólfssdóttir og Rannveig Traustadóttir, 2010). Einnig er þetta réttur einstaklinga með fötlun en samkvæmt Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks kemur fram að aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir, í því skyni að gera fötluðu fólki kleift að taka jafnan þátt og ófatlaðir í tómsunda-,frístunda-og íþróttastarfi (30/2007). Viðeigandi ráðstafanir má þá telja sem viðeigandi aðstoð, viðeigandi búnaður og auðvelt aðgengi.

## 4 Þátttökuathugun

Í þessum kafla verður farið yfir framkvæmd þátttökuathugunar, siðferðileg álitamál og greiningu gagna. Ásamt því verður farið yfir skipulag verkefnisins og helstu atriði sem skipta máli á meðan vettvangsrannsókn stóð, síðan verður fjallað um áhrif Covid – 19 á verkefnið.

### 4.1 Lýsing á verkefni

Hugmyndin af verkefninu spratt upp í samtali við fyrrum yfirmann minn en ég starfaði í þrjú ár hjá Sólarbæ sem félagslegur stuðningur á frístundaheimili fyrir börn og unglunga með fatlanir. Við ræddum hve mikill skortur er á félagslegum stuðning fyrir börn og unglunga með fatlanir sem tengja þá betur ófötluðum jafnöldrum sínum. Eftir þetta samtal var haft samband við deildarstjóra frístundasviðs innan bæjarfélagsins og leyst henni svo vel á verkefnið að hún vildi fá tillöguna til sín og nota hana til tilraunar í a.m.k. einni félagsmiðstöð.

Hugmyndin var að finna þátttakendur sem stuðning hafa á unglingastigi grunnskóla vegna fötlunar. Þessir þátttakendur myndu sækja félagsmiðstöðvarstarfið sem í boði er í skólanum þeirra og væri ég þeim til stuðnings.

Ég mætti með þátttakendur í kvöldstarf félagsmiðstöðvarinnar sem er frá 19:30-22:00 á mánudögum og miðvikudögum, síðan er opið annan hvern föstudag frá 19:30-23:00. Mynd 1 sýnir opnanir og dagskrá sem í boði voru.

### 4.2 Skipulag verkefnis

Undirbúningur á verkefninu hófst í ágúst 2020 þegar ég byrjaði að vera í reglulegum samskiptum við deildarstjóra frístundasviðs sem var

mér mikill stuðningur í gegnum verkefnið. Mikil vinna átti sér stað í ágúst 2020 þar sem sett var upp skipulag með öllum opnunum samkvæmt heimasíðu félagsmiðstöðvarinnar. Þá gat ég séð hversu margir klukkutímar af opnunum var í boði og hvernig ég ætti að hagræða mínu lífi til þess að geta mætt á allar opnanir. Einnig var haft samband við foreldra drengjanna og forstöðumanninn í ágúst ásamt því að setja upp drög að verkefninu og helstu markmiðum. Á töflu 1 eru allar opnanir sem í boði voru á mánudögum- og miðvikudögum haustönnina 2020 og á töflu 2 má sjá allar föstudagsopnanir sem í boði voru á sömu önn.

MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIÐVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FOSTUDAGUR
31. KL 17:00–18:30: Starfsmannafundur KL 19:30–22:00: Ís-veisu–velkomin!	1.	2. KL 17:00–18:30: Klúbba-opnun (fyrsta) KL 19:30–22:00: Twist, Yes & Teq	3.	4.
7. K7 17:00–18:30: Starfsmannafræðsla KL 19:30–22:00: HJARTSLÁTTUR	8.	9. Samfésmeiting ! KL 17:00–18:30: Klúbba-opnun KL 19:30–22:00: PIZZA & KAHOOT	10.	11. HELGAR-SPORT KL 19:30–23:00 DODGE-BALL & BÍÓVEISLA!
14. KL 17:00–18:30: Starfsmannafundur KL 19:30–22:00: FÁRÁNLEIKAR	15.	16. KL 17:00–18:30: Klúbba-opnun KL 19:30–22:00: Kósý & tránó	17.	18.
21. KL 17:00–18:30: 6. og 7. bekkur KL 19:30–22:00: Olsen Olsen	22.	23. KL 17:00–18:30: Klúbbaopnun KL 19:30–22:00: LEYNIGESTUR	24.	25. FELUELTINGA- LEIKUR KL 19:30–23:00
28. KL 17:00–18:30: Starfsmannafundur KL 19:30–22:00: TFÓBALL- MÓT	29.	30. KL 17:00–18:30: Klúbbaopnun KL 19:30–22:00: KÓKULKEPPNI	1.	2.

Mynd 1: mánaðaráætlun

Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
26.	7, 9, 14, 16, 21, 23, 28, 30.	5, 7, 12, 14, 19, 21, 28.	2, 4, 9, 11, 16, 28, 23, 25, 30.	2, 7, 9, 14, 16.

Tafla 1: mánudags - og miðvikudagsopnanir

Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
28.	11, 25.	9, 23.	6, 20.	4, 17 .

Tafla 2: föstudagsopnanir

### 4.3 Þátttökuathugun

Til þess að afla gagna á vettvangi þá þarf að mæta á vettvang og því er stuðst við svo kallaða þátttökuathugun en það þýðir að rannsakandi mætir á vettvang og fylgist með daglegu lífi fólks í tilteknum aðstæðum (Seale, 2018). Þátttökuathugun fellur undir eigindlega rannsóknaraðferð en tilgangur þeirra er að læra að skilja veröldina eins og þátttakendur sjá hana. Ástæða þess að eigindleg rannsóknaraðferð varð fyrir valinu er vegna þess að hún gefur kost á því að fá dýpri og merkingarbærri sýn á félagslegum veruleika en nokkur önnur rannsóknaraðferð. Ásamt því að mæta á vettvang þá voru tekin viðtöl við foreldra drengjanna og starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar fyrir og eftir vettvang, viðtölin voru svo kölluð opin viðtöl sem eru formleg eða óformleg viðtöl við þátttakendur þar sem megin markmiðið er að afla þekkingar á viðhorfum og reynslu viðkomandi (Seale, 2018).

#### 4.3.1 Þátttakendur og upplýst samþykki

Til þess að fá þátttakendur í verkefnið var sendur tölvupóstur á foreldra tveggja drengja sem sækja sama grunnskóla. Ég hafði samband við foreldra drengja sem ég þekki vel vegna þess að ég starfaði sem leiðbeinandi á frístundaheimili sem þeir báðir sækja. Var beðið foreldra þeirra að ræða við drengina og athuga hvort þeir hafi áhuga á að taka þátt. Foreldra beggja drengjanna svöruðu að áhugi væri fyrir hendi. Drengirnir eru í almennum skóla og fá viðeigandi stuðning á meðan viðveru stendur. Drengirnir voru báðir að koma upp í 8.bekk í ágúst 2020 og eru því að stíga sín fyrstu skref á unglingastigi. Eftir að samþykki lá fyrir frá drengjunum og foreldrum drengjanna og þátttakendur komnir í verkefnið var næsta skref að hafa samband við félagsmiðstöðina. Samband var haft við forstöðumanninn í gegnum tölvupóst og tjáð honum gróflega hugmyndina af verkefninu og að þátttakendurnir ættu rétt á að sækja félagsmiðstöðvarstarfið. Svörin frá forstöðumanninum voru jákvæð og var leyfi fengið frá honum til þess að koma inn sem félagslegur stuðningur fyrir drengina. Eftir að óformlegt leyfi var komið frá drengjunum, foreldrum og félagsmiðstöðinni þá var nauðsynlegt

að fá skriflegt leyfi til þess að tryggja að hægt væri að styðjast þær upplýsingar sem komu fram á meðan vettvangsrannsókn stóð. Ákveðið var að hitta drengina og foreldra þeirra til þess að kynna verkefnið fyrir þeim ásamt því að fá þeirra endurgjöf og hugmyndir, fengið var skriflegt leyfi frá foreldrum í þessari heimsókn. Seinasta sem þurfti að eiga sér stað áður en hægt væri að mæta með þátttakendum á vettvang var að funda með starfsmönnum félagsmiðstöðvarinnar og kynna mig, verkefnið og drengina.

#### **4.3.2 Siðferðileg álitamál**

Siðferðileg álitamál skipta gríðarlega miklu máli þegar kemur að eigindlegum rannsóknum. Þau tryggja að þátttakendur viti að um val þeirra sé að ræða og velferð þeirra sé höfð í fyrirrúmi ásamt því eiga þeir að vita að hætta má þátttöku hvenær sem er á meðan á rannsókn stendur. Tryggja þarf að nafnleynd og trúnað við þátttakendur og þarf að láta þá vita að allt sé gert til þess að tryggja nafnleynd og trúnað (Seale, 2018). Mikilvægt var að breyta nöfnum drengjanna, félagsmiðstöðvarinnar og bæjarfélagsins og var það gert í þessari greinargerð. Drengirnir verða kallaðir Kormákur og Breki, félagsmiðstöðinni fékk viðurnefnið Drekkinn og bæjarfélagið verður kallað Sólarbær.

Þegar kom að vali á þátttakendum þá hafði ég með greitt aðgengi þar sem ég hef verið að starfa með báðum drengjunum. Náin tengsl við drengina hefðu geta haft neikvæð áhrif á niðurstöðurnar í mörgum öðrum rannsóknum en í þessari þá er talið nauðsynlegt að samband sé á milli starfsmanns og skjólstaðings. Nafnleynd var gríðarlega mikilvæg þegar kom að rannsókninni þar sem foreldrar drengjanna báðu um hana og því er sú beiðni virt. Engar útskýringar eru á útliti eða öðru sem tengist drengjunum og gæti með einhverju móti gefið upp hverjir þeir eru. Einnig er virðing borin fyrir bæjarfélaginu og félagsmiðstöðinni sem þátt tóku í verkefninu með því að breyta heitum þeirra.

#### **4.3.3 Gagnaöflun og úrvinnsla**

Í viðtölum sem tekin voru við foreldra fyrir vettvangsathugun var fyrst og fremst verið að útskýra rannsóknina og tilgang hennar ásamt því að fá hugleiðingar frá þeirra varðandi mikilvæga hluti sem þau vilja að eigi sér stað. Í fyrra viðtali við starfsmenn Drekkans kynnti ég mig, drengina tvo ásamt því að kynna rannsóknina og tilgang hennar. Þar fékk ég samsvörun starfsmanna um þeirra reynslu á vettvangi frítímans með unglíngum og hvernig gengið hefur hingað til með þá einstaklinga með sérþarfir sem hafa verið að sækja starfið. Eftir að vettvangsathugun lauk var rætt við foreldranna um hvað hefði gengið vel og hvað hefði betur mátt fara, þar sögðu foreldrarnir einnig sína hlið af rannsókninni og árangri hennar. Viðtölin

við foreldrana voru ekki tekin upp og getur það haft áhrif á niðurstöður rannsóknarinnar þegar kemur að viðhorfi foreldra, en ritaðir voru niður punktar á meðan viðtali stóð. Viðtölin við foreldrana voru stutt og fremur óformleg en veittu þær upplýsingar sem þurfti. Seinna viðtalið við starfsmenn Drekans var tekið upp en ekki afritað, viðtalið var tekið upp vegna þess að vitað var fyrir fram að það yrði langt og nauðsynlegt var að ná mikilvægum atriðum. Á meðan heimsóknum í kvöldstarf félagsmiðstöðvarinnar stóð yfir var ritað niður athugasemdir í síma, bæði athugasemdir sem talið eru áhrifaríka á niðurstöður rannsóknar ásamt áhugaverðum athugasemdum sem drengirnir höfðu frá að segja í samtölum okkar. Var athugasemdum síðan var ritað inn í dagbók sem sett var upp í Word – skjali í tölvu. Í dagbókina var ritað niður það sem átti sér stað í hverri heimsókn, hvernig starfsmenn Drekans sinntu drengjunum tveimur, samtöl sem áttu sér stað við starfsmenn varðandi verkefnið, spurningar eða athuganir sem vöknudu upp á meðan heimsóknum stóð og annað sem kom fram. Sú dagbók er notuð til stuðnings í þessari skýrslu.

#### 4.4 Áhrif Covid – 19

Á meðan vettvangsrannsókn stóð átti sér stað heimsfaraldur sem hafði gríðarleg áhrif. Í byrjun október þurfti að breyta almennum opnunum í árgangursopnanir sem þýðir að opið var á sama tíma en aðeins einn árgangur mátti mæta á hverja opnun, á mánudögum var yfirleitt opið fyrir 8. bekk. Seinnipart október þurfti að loka félagsmiðstöðinni vegna hertra sóttvarnareglna og þá var nauðsynlegt að hugsa í lausnum. Ekki væri boðlegt að skjólstæðingar myndu missa úr þessum tímum á meðan lokað var. Drekin tók síðan frábært skref og opnaði rafræna félagsmiðstöð. Rafræn félagsmiðstöð Drekans virkaði á þá vegu að opið var öll kvöld sem venjuleg opnun hefði átt að vera, yfirleitt frá kl. 20:00 til 22:00 og á þeim tíma var alls konar áhugavert í boði fyrir unglíngana. Til þess að koma til móts við drengina tvo þá bauð ég þeim heim til mín þegar opið var í rafrænu félagsmiðstöðina, þá tókum við þátt saman í því sem var í boði og gerðum skemmtileg kvöld úr þessu. Á svona óútreiknanlegum tímum er aðkallandi að hugsa í lausnum líkt og starfsmenn Drekans gerðu, skjólstæðingar voru því ekki að missa úr starfseminni þó svo að hún væri í annarri mynd.

Þegar fór að líða á desember var orðið erfitt fyrir mitt heimilislíf að fá drengina í heimsókn tvisvar til þrisvar sinnum í viku svo ég hafði samband við foreldrana og hvatti þau til þess að taka þátt með drengjunum seinustu vikuna fyrir jólafrí.

Afleiðingin af því að drengirnir væru ekki að mæta með jafnöldrum sínum og eiga möguleika á að kynnast þeim betur er fremur neikvæð, sérstaklega í ljósi þess að drengirnir

eru mest allan skóla daginn aðskildir bekknum sínum og því voru þeir í litlum sem engum samskiptum við jafnaldra sína á meðan lokuninni stóð. Sem betur fer eru drengirnir í 8. bekk sem þýðir að þeir eiga möguleika á að nýta næstu tvö skólaárin í að kynnast jafnöldrum sínum betur.

Á töflum 1 og 2 má sjá hvenær Covid byrjaði hvaða áhrif það hafði á opnanir en þær opnanir sem bláar eru voru árgangursopnanir og þær sem eru rauður eru þeir tímar sem lokað var en opið í gegnum netið. Þá sést að lungi opnanna raskaðist til vegna Covid aðeins voru 12 af 38 opnunum óraskaðar.



## 5 Niðurstöður

Í þessum kafla verður farið yfir þá þætti sem mikilvægt er að hafa í huga þegar stuðla á að félagslegri þátttöku einstaklinga með stuðning. Niðurstöðum er ætlað að móta grunninn að áframhaldandi vinnu við að opna félagsmiðstöðvar fyrir nemendur sem eiga undir högg að sækja þegar kemur að félagslegum samskiptum og tengslum. Á meðan vettvangsrannsókn stóð yfir þá voru aðallega fimm þættir sem komu í ljós að væru mikilvægir þegar innleiða ætti samskonar starf en þeir eru undirbúningur áður en þátttaka byrjar, samskipti við foreldra, samvinna stuðningsaðila, skóla og félagsmiðstöðvar, hlutverk á meðan kvöldstarfi stendur og eftirfylgni og ígrundun.

### 5.1 Undirbúningur áður en þátttaka byrjar

Undirbúningurinn sem átti sér stað áður en verkefnið byrjaði var gríðarlega mikilvægur. Að þekkja einstaklingana vel áður en starfið á vettvangi byrjaði er bitastæða þess að verkefnið náði betri árangri. Þar sem báðir einstaklingarnir geta átt erfitt með breytingar og verða að hafa ákveðin ramma við vissar aðstæður þá skipti miklu máli að stuðningur þeirra væri meðvitaður um það þegar kæmi að því.

En eins og fram kom í greinargerðinni var mikill undirbúningur sem átti sér stað áður en vettvangsrannsókn hófst, þessi undirbúningur stuðlar að betra skipulagi og meiri árangri í verkefninu.

### 5.2 Samskipti við forsjáraðila

Samskipti við foreldra voru nán á meðan vettvangsrannsókn stóð. Sent var á þau dagskrá kvöldsins og athugað hvort drengirnir hefðu áhuga á að mæta. Ef annar hvor eða báðir sögðust ætla að mæta þá mætti ég í kringum 19:30 (en þá opnar Drekin) og tók á móti þeim þegar þeir mættu á svæðið. Einnig höfðu foreldrarnir samband ef drengirnir voru illa upplagðir eftir langan og erfiðan dag. Mikilvægi þess að vera í nánnum samskiptum við foreldra sýndi sig oftast en einu sinni en eitt dæmi er minnisstætt þar sem annar drengjanna strauk að heiman til þess að sækja starfið í Drekanum vitandi það að hann mátti ekki mæta. Þá hringdi móðir hans í mig sagði frá gangi mála og hafði þau áhrif að undirbúningur gat átt sér stað ef drengurinn léti sjá sig. En eins og Jóna G. Ingólfssdóttir og Rannveig Traustadóttir (2010) komu inn á þá finnst foreldrum mikilvægt að hafa talsmann til þess að vera í nánnum samskiptum við þegar kemur að málefnum barna þeirra. Ef enginn talsmaður hefði verið

fyrir drenginn þá hefði atvikið geta endað mun verr þar sem hann var illa upplagður og þá er voðinn vís.

Samskiptin við foreldrana skiptu gríðarlega miklu máli, ef þeir voru að eiga slæman dag en vildu samt sem áður mæta í Drekkann þá þurfti mikill undirbúningur að eiga sér stað. Sett var til að mynda upp þátttökuskilyrði fyrir þá þar sem þeir yrðu að taka þátt í a.m.k. 30-40 mínútur áður en tími fékkst út af fyrir sig sem yfirleitt var nýttur í einhvers konar raftæki. Samskonar skipulag var nauðsynlegt og þá sérstaklega þegar að dagurinn var búinn að vera erfiður, en þá tóku þeir stuttlega þátt í dagskránni og fengu síðan að draga sig í hlé og slaka á í raftækjum eða samtali. Þetta er gagnlegt til þess að stuðla að virkri þátttöku (Snæfríður Þ. Egilsson, 2006). Eftir hverja heimsókn átti sér stað stutt spjall við drengina um hvernig þeim hafi liðið yfir kvöldið ásamt því að fá þeirra álit á dagskrá kvöldsins og hvað mætti gera betur svo þeir hefðu meiri áhuga á að taka þátt, ég lét síðan foreldra þeirra vita af því sem fram kom í spjallinu (þegar átti við).

### **5.3 Samvinna stuðningsaðila, skóla og félagsmiðstöðvar**

Áður en verkefnið byrjaði var lítil samvinna á milli skólans og félagsmiðstöðvarinnar varðandi unglíngana sem skráðir eru í sérdeild skólans. Nú hafa augu starfsmanna í félagsmiðstöðinni opnast talsvert þegar kemur að mikilvægi þess að hafa gott samstarf á milli skólans og félagsmiðstöðvarinnar. Forstöðumaðurinn hefur verið í nánú sambandi við deildarstjóra sérdeildarinnar og hafa þeir sett upp dagskrá sem aðstoðar aðgengi nemenda á sérdeildinni til þátttöku í félagsmiðstöðvarstarfinu. Nemendur sérdeildarinnar geta mætt á þeirra skólatíma annan hvern miðvikudag og fengið upplýsingar um komandi dagskrá Drekkans ásamt því býður þetta upp á að nemendur sérdeildarinnar og starfsmenn Drekkans myndi persónulegri tengsl heldur en opna starfið á kvöldin býður upp á þegar allir nemendur unglíngadeildarinnar hafa möguleika á að mæta. Þetta stuðlar vonandi að því að nemendur sérdeilda sækja frekar kvöldstarfið þar sem persónuleg tengsl við starfsmenn hafa myndast. Með þessu viljum við tryggja að félagsmiðstöðin sé gríðastaður fyrir alla nemendur sérdeildarinnar og þeir viti að þeir geti mætt og liðið vel.

### **5.4 Verkefni meðan á starfi stendur**

Á meðan vettvangsrannsókn stóð voru mörg mismunandi verkefnum sem þurfti að sinna, rætt var við forstöðumann Drekkans um málefni drengjanna þegar um var að ræða kynfræðslu og annað ásamt því að virkja þá í dagskránni. Mikilvægt var að mæta tímanlega og kynna sér dagskrá kvöldsins áður en drengirnir mættu, út frá því var sett upp skipulag fyrir kvöldið hjá

drengjunum. Þegar að þeir mættu fórum við gróflega yfir skipulagið og tóku þeir ákvörðun um hverju þeir hefðu áhuga á að taka þátt í. Mikill árangur varð að því að hvetja drengina í spjall og leiki með jafnöldrum sínum og sýndi það sig oftast en einu sinni að mikilvægt er að efla þá félagslega í samskiptum við jafnaldra sína. Ávallt þarf að vera undirbúin ef erfiðar aðstæður kæmu upp og vera með plan B við hendi. Mikilvægt er að vera opin fyrir þeim samræðum sem geta átt sér stað og taka á þeim eins vel og hægt er í hvert skipti. Margar áhugaverðar samræður áttu sér stað við drengina tvo en einnig við aðra skjólstæðinga félagsmiðstöðvarinnar sem voru erfiðar og gátu farið á móti öllu sem ég stend fyrir. Það reyndi því ansi oft á mína fagmennsku á vettvangi.

## **5.5 Eftirfylgni og ígrundun**

Eftir hverja heimsókn þá átti sér stað samtalið við drengina um hvernig var, hvað gekk vel og hvað hefði betur mátt fara. Þar komu þeir með nýtsamlegar upplýsingar sem komið var áleiðis á forstöðumann Drekans og reynt var eftir fremsta megni að koma til móts við þær óskir. Til dæmis nefndi Breki að hann vildi hafa fleiri tölvuleiki í boði í Playstation tölvunni. Eftir þá beiðni var starfsmaður sem leyfði honum að velja tvo nýja leiki í tölvuna sem kostuðu engan pening. Hann var síðan duglegur að spila þessa leiki þegar leyft var að notast við tölvuna. Þessi samtöl voru rituð niður í dagbók sem haldið var á meðan vettvangsrannsókn stóð. Ásamt því að rita niður samtölin við drengina ritaði ég niður þá hluti sem ég tók eftir á vettvangi. Þar var til dæmis hvernig samskipti við jafnaldra og starfsmenn voru að ganga og hvernig félagsmiðstöðin gæti sinnt starfinu betur þegar kemur að skjólstæðingum með fatlanir. Dagbókina gat ég síðan gluggað í til þess að sjá hvort árangur væri að eiga sér stað og hvað ég mætti betur gera í mínu hlutverki.

## **5.6 Ávinningur fyrir þátttakendur**

Ávinningur fyrir drengina var mikill en í viðtölum við foreldra voru þau sátt við verkefnið og þau áhrif sem það hafði á félagslega þátttöku drengjanna. Kormákur byrjaði fljótlega að mæta án stuðnings og mætti ávallt með vinum sínum sem hann hefur kynnst í gegnum skólann og félagsmiðstöðina. Hann var virkur þátttakandi í dagskrá Drekans og duglegur að hvetja Breka með sér. Breki er nú með liðveislutíma sem hann nýtir í að mæta í félagsmiðstöðina og er því ekki að missa af frábæru tækifæri til þess að kynnast jafnöldrum sínum betur. Drengirnir hafa báðir stigið út fyrir þægindarammann sinn og náð jákvæðum árangri í að efla sjálfstæði, félagsfærni og samskipti við jafnaldra sína.

Einnig nefndi forstöðumaðurinn að aðrir nemendur af sérdeildinni hefðu byrjað að mæta mun betur en áður og vill hann þakka þessu verkefni fyrir þann árangur.

## 6 Umræður

Hér verður fjallað um helstu þætti sem fram komu í greinargerðinni sem styðja við svar á rannsóknarspurningunni sem lögð var fram í byrjun ritgerðar. Ásamt því verður farið yfir þá framtíðarsýn sem höfundur hefur fyrir félagsmiðstöð án aðgreiningar.

Rannsóknarspurningin var hvers vegna er mikilvægt að stuðla að þátttöku fatlaðra ungmenna í tómstundastarfi án aðgreiningar og hvað þurfa forsvarsmenn félagsmiðstöðva að taka tillit til svo að félagsmiðstöð án aðgreiningar geti orðið að veruleika?

Jákvæð þróun hefur verið í samfélaginu síðustu ár varðandi réttindi og lífsgæði fatlaðra einstaklinga en þá aðallega innan skólakerfisins. Skóli án aðgreiningar hefur haft jákvæð áhrif á suma einstaklinga með fötlun og náð að tengja þá betur við ófatlaða jafnaldra sína en hefur það tekist hjá öllum einstaklingum með fötlun? Mikilvægt er að færa hugmyndafræði skóla án aðgreiningar yfir á tómstundaiðkun þar sem allir geti sótt tómstundir innan þeirra bæjarfélaga með jafnöldrum sínum óháð líkamlegu- eða andlegu atgervi. Bæjarfélög þurfa þess vegna að gera ráðstafanir sem stafa að því að þeir sem þarfnast stuðnings til að taka þátt í tómstundum án aðgreiningar fái þá aðstoð. Ein af ástæðum þess að mikilvægt sé að tómstundastarf sé án aðgreiningar er sú að fatlaðir einstaklingar þjálfar með sér ákveðna færni í félagslegum samskiptum sem getur haft jákvæð áhrif á lífsgæði þeirra (Law o.fl, 2006). Mikilvægt er að til séu tómstundir sem einungis eru handa einstaklingum með fatlanir og virkja þá í að taka þátt og koma sér út af heimilunum. Samt sem áður er það ekki viðunandi að einstaklingar þurfi að fara út fyrir sitt bæjarfélag til þess að finna viðeigandi tómstundir heldur eigi þetta að vera í boði í hverju bæjarfélagi. Hins vegar verður líka að vera í boði tómstundastarf án aðgreiningar því þá er verið að stuðla að minni skiptingu milli fatlaðra og ófatlaðra einstaklinga en eins og fram hefur komið þá eru tómstundir sá vettvangur sem mest er um aðgreiningu á milli fatlaðra og ófatlaðra einstaklinga í samfélaginu (Helga Jóhanna Stefánsdóttir, 2010).

Helstu atriði forsvarsmenn félagsmiðstöðva þurfa að hafa í huga eru þeir þættir sem nefndir eru í niðurstöðum. Þeir þættir eru undirbúningur áður en þátttaka byrjar, samskipti við forsjáradila, samvinna stuðningsadila, skóla og félagsmiðstöðva, verkefni á meðan starfi stendur og eftirfylgni og ígrundun. Þessir þættir komu oft fram á meðan rannsókn stóð og þess vegna er talið að þeir séu mikilvægir til þess að tryggja að félagsmiðstöð án aðgreiningar nái sem mestum árangri fyrir unglunga með fatlanir. Áður en félagsmiðstöð getur verið án aðgreiningar þarf huga að því að aðgengi sé fyrir alla og að búið sé að gera viðeigandi ráðstafanir hvað varðar starfsmannafjölda miða við þá nemendur sem þurfa félagslegan stuðning.

Verkefnið skilaði gríðarlega miklum árangri og mun meiri en draumurinn var í byrjun. Annar drengurinn mætir nánast á hverja einustu opnun án stuðnings. Mætir hann með sínum vinahóp og tekur virkan þátt í dagskrá Drekans. Þar er hann að fá tækifæri til þess að efla sjálfstæði sitt og félagsfærni sem er nákvæmlega sá ávinningur sem þekktur er af tómsundaiðkun (Law o.fl., 2006). Hinn drengurinn getur haldið áfram að mæta vegna þess að ég fékk starf tímabundið sem liðveislan hans og er nú á launum við að styrkja hann félagslega, þetta er skammtímalausn og er ekki markmiðið með verkefninu en auðvitað jákvæður árangur samt sem áður. Einnig hefur þetta haft gríðarlega jákvæð áhrif á samstarf félagsmiðstöðvarinnar og sérdeildarinnar ásamt því að hafa jákvæð áhrif á aðra nemendur sérdeildarinnar. Þetta er óvæntur árangur sem náðist á mjög skömmum tíma. Árangurinn sem náðst hefur á eftir að auðvelda til muna að sýna fram á nauðsyn verkefnisins og ýta undir að félagslegur stuðningur verði í boði fyrir þá sem þurfa á honum að halda til þess að geta sótt tómsundastarf á jafnt við aðra.

Framtíðarsýn þessa verkefnis er að allar tómsundir verði án aðgreiningar. Þá verði bæjarfélög búin að gera ráðstafanir sem stuðli að því að allir geti tekið þátt í þeim tómsundum sem þeir hafa áhuga á. Bæjarfélögin hafi ákveðin sjóð eða annað fjármagn sem hvetji til þátttöku í tómsundastarfi burt séð frá líkamlegu- eða andlegu atgervi þátttakanda. Fjármagnið miði við að forsjáraðilar geti sótt þann stuðning sem þeir þurfa til þess að barn þeirra geti sótt tómsundastarf jafnt við aðra einstaklinga. Þessi framtíðarsýn er alls ekki galin vegna þess að eins og fram hefur komið þá stendur þetta í þeim lögum sem sett voru árið 2007. Ríkin sem aðild hafa að Samningi Sameinuðu þjóðanna skulu gera viðeigandi ráðstafanir, í því skyni að gera fötluðu fólki kleift að taka jafnan þátt og ófatlaðir í tómsunda-,frístunda- og íþróttastarfi (30/2007).

Nú er það í okkar höndum sem samfélag að tryggja réttindi fatlaðra og gera tómsundavettvanginn án aðgreiningar.

Hver er okkar næstu skref?

## Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013/2013.

Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen. (2009). Tíminn eftir skóla skiptir líka máli: Um tómstundir og frítíma nemenda í 1., 3., 6. og 9. bekk grunnskóla. *Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun*. <http://hdl.handle.net/1946/13983>

Guðný Jónsdóttir og Snæfríður Þóra Egilson. (2013). „Við gerum bara eins og við getum“. Þjónusta við fólk með fjölpættar skerðingar. *Stjórnmal og stjórnsýsla*. 9(1), 171-190. <http://hdl.handle.net/1946/16068>

Helga Jóhanna Stefánsdóttir. (2010). *Daglegt líf fatlaðra barna: fjölskylda skóli og frístundir*. [Meistararitgerð, Háskóli Íslands]. <http://hdl.handle.net/1946/6209>

*Íslensk orðabók*. (e.d.). Í Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir (ritstjórar). <https://islenskordabok.arnastofnun.is/ord/14630>

Jeffs, T og Smith M. K. (2010). *Youth Work Practice*. Palgrave Macmillan.

Jóna G. Ingólfssdóttir og Rannveig Traustadóttir. (2010). Þjónusta og þarfir. Hvernig mætir velferðarkerfið þörfum ungra fatlaðra barna og fjölskyldna þeirra? Í Helga Ólafs og Hulda Proppé (ritstjórar). *Þjóðarspejillinn 2010*. <http://hdl.handle.net/1946/6839>

Law, M., King, G., King, G., King, S., Kertoy, M., Hurley, P., Rosenbaum, P., Young, N. og Hanna, S. (2006). Patterns of participation in recreational and leisure activities among children with complex physical disabilities. *Developmental Medicine & Child Neurology*, 48, 337-342. <https://doi.org/10.1017/S0012162206000740>

Leitner, M. J. og Leitner, S. F. (2012). *Leisure Enhancement* (4. útgáfa). Urbana.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningþarfir nr. 38/2018.

Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna. (1994). *Salamanca-yfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir*. <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/salamanca.pdf>

Mundy, J. (1998). *Leisure education: Theory and practice* (2. útgáfa). Champaign.

Reglugerð um breytingar á reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskólum nr. 148/2015.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks nr. 30/2007.

Seale, C. (ritstjóri). (2018). *Researching Society and Culture* (4. útgáfa). California: Sage.

- Snæfríður Þóra Egilsson. (2006). Þátttaka í ljósi kennisetninga um heilbrigði og fötlun. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Þjóðarspejillinn 2006*.  
[http://fotlunarfraedi.hi.is/files/Tsp\\_2006\\_grein\\_Snaefridur%20Thora.pdf](http://fotlunarfraedi.hi.is/files/Tsp_2006_grein_Snaefridur%20Thora.pdf)
- Steingerður Ólafsdóttir, Sigrún Sif Jóelsdóttir, Lára Rún Sigurvinsdóttir, Dóra S. Bjarnason Anna Kristín Sigurðardóttir og Kristín Erla Harðardóttir. (2014). *Skóli án aðgreiningar. Samantekt á lögum og fræðilegu efni*.  
[https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/skyrsl\\_skoli\\_adgr\\_samant\\_1%C3%B6g\\_fr\\_2015.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/skyrsl_skoli_adgr_samant_1%C3%B6g_fr_2015.pdf)
- Vanda Sigurgeirsdóttir. (2010). Skilgreining á hugtakinu tómstundir. *Netla – Menntakvika 2010*. <http://hdl.handle.net/1946/7815>
- Vanda Sigurgeirsdóttir. (2014). Tómskundamenntun. *Uppeldi og menntun*, 23(1), 91-97.  
<https://timarit.is/page/6009537#page/n89/mode/2up>
- Weiskopf, D. (1982). *Recreation and leisure: Improving the quality of life*. Allyn & Bacon.



## Viðauki A: tölvupóstur sendur á foreldra

Sæl NAFN

Brynhildur heiti ég og hef starfað í frístundamiðstöð fyrir börn og unglunga með fatlanir sl. tvö ár, ásamt því hef ég verið að stunda nám við Háskóla Íslands í tómstunda – og félagsmálafræði. Nú er komið að því að á næsta árinu mun ég skrifa lokaritgerð, ég hef mikinn áhuga á að vinna með einstaklingum líkt og þeim sem eru í frístundamiðstöðinni og þá sérstaklega að styrkja þau félagslega. Ég hef haft samband við Sólarbæ og vil í samstarfi við þau setja af stað litla rannsókn sem ég mun síðan skrifa lokaritgerðina mína um.

Sú rannsókn gengur út á að fara með þá unglunga með fatlanir sem náð hafa aldri inn á félagsmiðstöðvar skólanna sem þau stunda nám við og sjá hvort hægt sé að styrkja þau félagslega á þessum vettvangi. Ég færi með þeim sem stuðningur en væri eins mikið á hliðarlínunni og möguleiki er. Félagsmiðstöðvar eru góður vettvangur til að kynnast jafnöldrum og mögulega finna einhvern sem hefur sömu áhugamál og ykkar unglingar, eða jafnvel finna ný áhugmál.

Félagsmiðstöðvarnar opna föstudaginn 28. ágúst en ég verð því miður fjarverandi þar til mánudaginn 7. september og var ég búin að hugsa að það væri fyrsti dagurinn okkar saman í þessari rannsókn.

Ef þú hefur áhuga á að taka þátt og hjálpa okkur að byrja gott samstarf á milli frístundamiðstöðvarinnar og félagsmiðstöðvanna endilega ræddu þetta við barnið þitt og láttu mig vita. Allt verður gert á þeirra forsendum, eina sem ég geri er að ígrunda með þeim hvernig hver heimsókn gengur. Ég myndi endilega vilja taka forráðarmenn hvers unglings í örstutt viðtal um rannsóknina og hvernig við getum þróað hana þannig að þau fái sem mest út úr þessu.

Mbk Brynhildur Bergmann Kjartansdóttir.

## **Viðauki B: Tölupóstur sendur til Drekans**

Sæll forstöðumaður

Þetta er Brynhildur úr Hrafninum, ég vildi láta þig vita að mánudaginn 7. september mun ég mæta með tvö einstaklinga sem sækja starfið í frístundamiðstöð fyrir börn og unglunga með fatlanir og eru í XXskóla en þar sem þeir hafa náð félagsmiðstöðvar aldri þá vil ég koma sem stuðningur með þá fyrst um sinn og sjá hvernig það verkefni þróast. Ég er að gera rannsókn fyrir lokaritgerðina mína á þessum unglingum og hvort þetta styrki þá félagslega. Ég vildi bara láta þig vita, mögulega er hægt að setjast niður með þeim og finna þeirra áhugamál og aðra unglunga sem eiga sömu áhugamál og reyna koma þeim saman án þess að vera að „neyða“ þau saman. Við sjáum hvernig rannsóknin þróast og vonandi getum við gert þetta í sameiningu til þess að samstarf á milli frístundamiðstöðvarinnar fyrir börn og unglunga með fatlanir og félagsmiðstöðva í Sólarbæ verði betra og virkara.

Mbk Brynhildur B.K.

## Viðauki C: leyfisbréf fyrir foreldra

### Upplýsingar fyrir foreldra/forráðarmenn vegna verkefnis í tengslum við BA – skrif.

- Þátttakanda ber engin skylda til þess að taka þátt og má hætta þátttöku hvenær sem er á meðan verkefni stendur án útskýringar.
- Markmið verkefnisins er að sjá hvort hægt sé að tengja einstaklinga í sérdeildum skóla inn í félagsmiðstöðvarstarf, og þannig styrkja þá félagslega. Fyrst um sinn með stuðning og svo hægt og rólega einir síns liðs.
- Raddupptökur verða teknar eftir hverja heimsókn í félagsmiðstöðina, þar sem spjall er átt við þátttakendur um gengi hvernar heimsóknar, upptökum er síðan eytt eftir lokaskil á BA – ritgerðinni.
- Þátttakanda er frjálst að neita þess að svara spurningum á meðan spjalli stendur eftir hverja heimsókn.
- Foreldrar/forráðarmenn eru partur af verkefninu frá byrjun til enda og eiga rétt á því að draga sinn unglingin úr verkefninu hvenær sem er án útskýringar.
- Stjórnandi verkefnisins lofar þagnarskyldu og nafnleynd á meðan verkefnið stendur yfir og einnig á meðan BA – skrif eiga sér stað.

**Mér hefur verið kynntur tilgangur verkefnisins og í hverju þátttaka unglinganna er fólgin. Ég er samþykkt(ur) þátttöku.**

Dagsetning:

Undirskrift foreldris/forráðarmanns:

---

---

## Viðauki D: Covid-ráðstafanir

Forstöðumaðurinn hafði samband við mig vegna covid ráðstafanna vegna þess að seinni bylgjan er að skella á. Ekki verða eins spennandi opnanir og áætlað var en ég held að það sé kostur fyrir þátttakendur verkefnisins þar sem þeir hafa hingað til líkað betur við þær heimsóknir sem eru afslappaðar og kósý. Á döfinni voru alls konar stórar opnanir sem laða að marga unglunga en því hefur verið breytt, nú eru aðeins opnanir sem vitað er að draga ekki eins marga að. Þetta er skiljanlegt vegna þess að margir hafa greinst síðustu sólahringa og því þurfa ráðstafanir að vera gerðar.

Ég er að velta því fyrir mér hvernig best er að ráðastafa verkefninu þar sem þeir einstaklingar sem taka þátt geta verið mun viðkvæmari en aðrir unglingar. Ég verð að hafa samband við foreldra og gera ráðstafanir með þeim svo að verkefni geti haldið áfram með viðmiðun af ástandinu. Ef verkefnið þarf að fara á pásu vegna Covid þá þarf ég að vera dugleg að punkta niður hvers vegna og hvaða áhrif það hefur á þátttakendur, einangrast þeir meira en þeir voru, eru þeir þá einungis heima hjá sér í tölvuleikjum, eru þeir að leita í félagsskap sem þeir voru ekki að gera áður o.s.frv.

Ef til þess kemur að rafrænar opnanir verði aðeins í boði þá gæti verið sniðugt að bjóða strákunum í heimsókn til mín eða við hittumst öll saman heima hjá öðrum hvorum þeirra og gerum skemmtilegt kvöld úr þessu. Næstkomandi föstudag (23.10.20) verður rafrænt bingó og var ég að ræða við mömmu hans Breka um það en Breki verður í bústað með pabba sínum svo lítil möguleiki er á því að hittast öll saman þá en þá hvatti ég hana til þess að ræða við pabba hans og hvetja þá að vera saman í bingóinu í sumarbústað og gera skemmtilegt kvöld. Einnig ætla ég að bjóða mig fram í að vera með Kormák en honum finnst líklegast merkilegra að vera með vinum sínum sem ég ætla að bjóða fram sem fyrsta valkost við foreldrana en einnig bjóða mig fram ef hann hefur meiri áhuga á því.

Mér finnst líklegt að Covid eigi eftir að hafa meiri áhrif og þess vegna er nauðsynlegt að ræða við foreldrana um það og mikilvægi þess að þeir detti ekki úr sambandi við félagsmiðstöðina á þessum tíma því það gæti verið mjög dýrkeypt seinna meir.

Nú bauð ég strákunum mjög oft í rafrænan opnun til mín vegna Covid og var það mjög fínt fyrir alla til að byrja með en þegar leið á þá reyndi þetta verulega á mig, þess vegna endist þetta í ca 4 vikur áður en ég nefndi við foreldrana að nú þyrfti ég frí og voru þau mjög skilningsrík varðandi þá ákvörðun. Nú er komið nýtt ár og Covid er enn þá í gangi svo það

mun setja strik í reikning áfram en vonandi fer að opna aftur svo afraksturinn verði aðeins greinilegri þó svo að hann sé mikill nú þegar.